

✉ Re: Deiliskipulag: Sjötökuholur Reykjanesi

| | |
|-----------|--|
| Búið til | 1.2.2021 15:31:25 |
| Höfundur | Lovísa Ásbjörnsdóttir |
| Sent | 1.2.2021 15:31:25 |
| Tilheyrir |  202101-0050 - Breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi |

Efni

Re: Deiliskipulag: Sjötökuholur Reykjanesi

Upplýsingar

Vinnsla

| | | | |
|--------------|-------------------|----------|----------|
| Sent | 1.2.2021 15:31:25 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | | | |
| Lykilorð | | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is) |
| Til | Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is |

Innihald

Mál: 202101-0050 LA

Vísað er til meðfylgjandi tölvupóst frá 15. janúar sl., þar sem Reykjanesbær óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi þar sem gert er ráð fyrir nýjum sjötökuholum.

Fyrirspurn um matsskyldu var send Skipulagsstofnun vegna þessara framkvæmda, sem mat það sem svo að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum (skjal nr. 202010038).

Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa neikvæð áhrif á ferskt grunnvatn, lífríki sjávar eða fjöru eða fornleifar en munu hafa staðbundin áhrif á eldhraun sem nýtur verndar.

Svæðið sem um ræðir (Valkostur A) liggur við hverfisverndað svæði Stampahrauns, svæði sem er á náttúrminjaskrá vegna gosmyndana og svæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun tekur undir með Skipulagsstofnun „Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu valda óafturkræfu en staðbundnu rask á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar en mun umfangsmeira rask er í nágrenni svæðisins þar sem er Reykjanesvirkjun og mannvirki tengd henni. Í mati á umhverfisáhrifum stækkunar Reykjanesvirkjunar árið 2009 var fjallað um og lagt mat á áhrif stækkunarinnar á lífríki sjávar og fjöru. Fyrirhugaðar breytingar taka eingöngu til færslu sjótökuhola og ekki er gert ráð fyrir að efnainnihald vatnsins breytist miðað við núverandi aðstæður en efnasamsetning vatns í bunustokki hefur verið vöktuð og verður svo áfram.“

Náttúrufræðistofnun vill einnig vekja athygli á tillögum stofnunarinnar um verndarsvæði náttúruminjasrár (B-hluta) vegna fjöruvistgerða við Öngulbjrótsnef, klóþangsfjörur (sjá <https://www.ni.is/greinar/su-ongulbrjotsnef>). Stofnuninni er ekki kunnugt um hvort útfallið úr bunustokki Reykjanesvirkjunar, hvort sem það er breyting í efnasamsetningu eða hitastigi, hafi áhrif á þessar fjöruvistgerðir.

Bestu kveðjur,

Lovísa

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is>)

From: "Gunnar Kristinn Ottósson" <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja" <hes@hes.is>; "Þór Hjaltalín" <thor@minjastofnun.is>; "Akureyri - NI" <nia@ni.is>; "info@reykjanesgeopark.is" <info@reykjanesgeopark.is>
CC: "Stefán Gunnar Thors" <stefan@vso.is>; "Ásbjörn Blöndal" <asbjorn@hsorka.is>
Subject: Deiliskipulag: Sjótökuholur Reykjanesi
Date: 15.1.2021 10:31:50

Breyting deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi óskað er umsagnar um deiliskipulagsbreytinguna sem berist eigi síðar en 1. febrúar 2021.

Markmið deiliskipulags er að gera ráð fyrir nýjum sjótökuholum. Matskyldufyrirspurn var send Skipulagsstofnun vegna þessara framkvæmda.

Hlekkur á deiliskipulagsupprátt með greinargerð

https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skipulagsrad/2020april-/257/03.-dsk-t-u-01-.pdf (https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skipulagsrad/2020april-/257/03.-dsk-t-u-01-.pdf)

Matsskyldu fyrirspurn https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skipulagsrad/2020april-/260/12.-20456_tilkynning_sjotaka_201026_vidaukar.pdf
(https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skipulagsrad/2020april-/260/12.-20456_tilkynning_sjotaka_201026_vidaukar.pdf)

